

Fundargerð

Vinnufundur stýrihóps, 17. okt. 2018

Dags. fundar: 17-10-2018	Staðsetning: Vonarland, Egilsst.	Fundur settur: 13:20
Fundarboðari: SV	Fundarritari: SV	Fundi slitið: 16:20

Fundarboðun send á / mætt og forfölluð:

Mætt:	Nafn	Fulltrúi fyrirtækis / stofnunar
x	Anna Berg Samúelsdóttir	Fjarðabyggð
X	Árni Óðinsson	Landsvirkjun
X	Freyr Ævarsson	Fljótsdalshérað
x	Geir Sigurpáll Hlöðversson	Alcoa Fjarðaál
X	Guðrún Á. Jónsdóttir	Austurbrú
X	Hjalti Jóhannesson	RHA
X	Lilja Dögg Björgvinsdóttir	Austurbrú
X	Sigrún Víglundsdóttir	Austurbrú

Efni / dagskrá:

Vinnufundur til að ræða niðurstöður ársfundar og næstu skref.

1. Niðurstöður frá ársfundi og viðbrögð við þeim
 2. Áætlun fyrir næsta ár
 3. Önnur mál
- 1) Farið var yfir efni frá ársfundi sl. vor. Flett í gegnum niðurstöður hópavinnu og rætt um hvort tilefni væri til að bregðast við niðurstöðum sem fram koma. Þetta var m.a. rætt:
- a) Ýmsar hugmyndir um styrkingu samfélagsvísa einkum þeirra sem gagnast sveitarfélögum. Meðal annars að skoða ætti niðurstöður í könnunum Vífils Karlssonar. Ýmsar fleiri hugmyndir að áhugaverðum vísam nefndar og misjafnt er hversu mikið þeir vísar tengjast fyrirtækjunum og vettvangi sjálfbærni-verkefnisins.
 - b) Spurning sem reglulega kemur upp í verkefninu er „Fyrir hverja er verkefnið“. Niðurstaðan er að verkefnið er fyrir fyrirtækin og samfélagið.
 - c) Tilgangur verkefnisins eins og hann var skilgreindur í upphafi:
 - i) Að styðja þá stefnu Alcoa og Landsvirkjunar að hafa hugmyndafræði sjálfbærrar þróunar að leiðarljósi
 - ii) Að þróa vegvísi sem hjálpar fyrirtækjunum að fylgja eftir stefnumiðum sínum um sjálfbæra þróun
 - iii) Að þróa tölulega vísa sem hægt er að nota til að fylgjast með raunverulegum árangri um sjálfbærni við starfsemi fyrirtækjanna á AusturlandiÞessi tilgangur nær yfir bæði fyrirtæki og samfélag, en ákveðið að bæta mætti við lið iii skýringu til að skerpa á samfélagstengingunni.
 - d) Niðurstaðan af þessum vangaveltum er að reka verkefnið áfram innan sama ramma og hingað til. Vera trú upprunanum, en þó með möguleika á að þróast og halda tengslum við samfélagsbreytingar.

- 2) Áætlun fyrir næsta ár. Nokkur áhersluverkefni ákveðin.
 - a) Endurskoða flokkun vísa með það að markmiði að gera gögnin aðgengilegri fyrir gesti.
 - b) Yfirfara vöktunaráætlanir og tryggja samræmi við það sem er gert og gerlegt.
 - c) Endurskoða forsendur fyrir vali á vísunum.
 - d) Birta gröf með gagnvirkum hætti á síðunni samanber systurverkefnið gaumur.is á Norðausturlandi.
- 3) Önnur mál
 - a) Íbúakönnun eins og eins og sú sem Vífill Karlsson kynnti á ársfundi, verður næst gerð haustið 2019. Áætlað er að hún nái þá yfir Austurland og verður áhugavert að skoða þær niðurstöður í tengslum við Sjálfbærni-verkefnið.
 - b) Sjálfbærni-verkefnið verður kynnt á næstu vikum innan sveitarfélaga og víðar. Starfsmenn útbúa staðlað kynningarefni til að eiga.
 - c) Rætt um möguleika á að fá námsmenn til að vinna afmörkuð verkefni innan Sjálfbærni-verkefnisins. Settur verður upp listi yfir möguleg verkefni sem hægt er að koma á framfæri við nemendur.
 - d) Ákveðið að birta nýtt merki verkefnisins á heimasíðu og bæta við lifandi gröfum. Einnig þarf að uppfæra myndir á síðunni.
 - e) Skýrsla Félagsvísindastofnunar sem unnin var á síðasta ári var rædd á vinnufundi í janúar 2018 og var hún kveikjan að samtali við sveitarfélögin, þema ársfundar 2018 o.fl. Eftir er að vinna með tillögur í skýrslunni varðandi einstaka vísa og samanburði við félagsvísa Velferðarráðuneytisins. Skoða þarf betur hvort úttekt Félagsvísindastofnunar bendir á fleira sem ástæða er til að vinna áfram með.

Fundi slitið kl. 16:20